

Vega- og brúaf framkvæmdir 2017, sjá kort á bls. 6-7



Húsvíkurhöfðagöng 7. mars 2017. Einangrunar- og vatnasklæðing sett upp, 45 mm dúkur. Síðan er sett 80 mm lag af sprautusteypu yfir dúkinn sem brunavörn.

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni fjögurra rannsóknarskýrsla. Finna má skýrslurnar í heild á www.vegagerdin.is undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“

Akstur og öryggi erlendra ferðamanna 2016

Rögnvaldur Guðmundsson, Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf., febrúar 2017

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar hefur gert könnun meðal erlendra brottfarargesta á friðhafnarvæði í Flugstöð Leifs Eiríkssonar allt frá árinu 1996. Könnunin er nefnd „Dear Visitors“. Á tímabilinu maí til desember 2016 var til viðbótar gerð könnun fyrir Vegagerðina, þar sem spurt var

um ýmislegt tengt vegakerfinu, akstri og umferðaröryggi. Í þessari skýrslu eru niðurstöður úrvinnslu úr þessum könnunum, en einnig er byggt á fleiri upplýsingum.

Ýmsar áhugaverðar niðurstöður koma fram í skýrslunni. Fram kemur að aukning hefur orðið á því að ferðamenn nýti sér bílaleigubíla. Árið 2016 voru þeir 960 þúsund (56% gesta) samanborið við 480 þúsund árið 2014 (48% gesta) og 166 þúsund árið 2009 (33% gesta). Fram kemur að árið 2016 er talið að akstur erlendra ferðamanna á bílaleigubílum hafi verið um 20% af öllum akstri á Íslandi það ár.

Af öðrum atriðum sem fram koma má nefna að rúmlega 97% svarenda kváðust alltaf hafa notað bílbelti í ferð sinni

Útboðsvefur.is - Opinber útboð

Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum Útboðsvefur.is og vegagerdin.is en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 4. tbl. 25. árg. nr. 672 21. apríl 2017


Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
G. Pétur Matthíasson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
askrift@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefti sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

um Ísland en 0,5% sagðist aldrei hafa notað belti. Þá kemur fram að 5% kváðust mikið hafa ekið utan vega („off road“) en 36% lítið og 69% ekkert. Flestir ökumanna (98%) töldu sig reynda eða fremur reynda, en 0,5% töldu sig byrjendur. Nokkra athygli vekur að mjög margir vissu ekki um upplýsingasíður sem spurt var um. Þrír af hverjum fjórum vissi ekki um síðuna *safetravel.is* og 86% vissi ekki um *road.is*. Þetta bendir til að þessum síðum sé ekki haldið nóg á lofti, sem upplýsingaveitum fyrir akandi erlenda ferðamenn.

Þegar spurt var um nokkra þætti varðandi íslenska vegakerfið og umferðamenningu á Íslandi kom í ljós að meiri en helmingur taldi ástandið vera eins og þeir bjuggust við í öllum þáttum, en mun fleiri töldu það betra en þeir bjuggust við heldur en verra. Sem dæmi þótti 41% svaraenda slitlagðir vegir vera betri en þeir bjuggust við, en 6% þótti þeir verri. Malarvegir (16%), áningastaðir (14%) og vegrið (14%) voru hinsvegar þeir þættir þar sem hæst hlutfall svarenda töldu ástandið verra en þeir bjuggust við. Í fyrri „Dear Visitors“ könnunum hefur verið spurt um vegakerfið og þegar svör í sérstöku könnuninni 2016 eru borin saman við það er heildarniðurstaðan sú að vegir á Íslandi hafi batnað jafnt og þétt að mati erlendu gestanna.



RCM411 áfast bil Vegagerðarinnar.

Kortlagning veghita með áherslu á hálkustaði

Arnór Tumi Jóhannsson, Veðurstofu Íslands, febrúar 2017

Markmið þessa verkefnis er að þróa aðferð til að greina og spá fyrir um hállu á Reykjanesbraut af meiri nákvæmni en gert hefur verið til þessa, að athuga hvers konar veðurfar yfir helst undir hálkumyndun á veginum og að kortleggja breytileika í veghita á honum. Til þess voru skoðaðar mælingar á ýmsum eiginleikum yfirborðsins, sem gerðar voru með mælitækni RCM frá Teconer veturna 2014-2015 og 2015-2016.

Í þessari áfangaskýrslu um verkefnið kemur fram að veginum var skipt upp í um kílómetra langa kafla og hver kaflur greindur með tilliti til fráviks sérhverrar breytu frá meðalgildi sömu breytu fyrir allan veginn. Þannig var til dæmis hægt að finna þá kafla það sem hiti mældist sérlega lágur, veghiti mældist miklu lægri en lofthiti, dýpt vatnshimnu á veginum mældist mikil og viðnám við yfirborð lítið. Til að tengja mælt ástand vegar við ytri veðurfarslegar aðstæður voru skoðuð gögn úr þremur sjálfvirkum veðurstöðvum við eða í nágrenni við veginn, í Straumsvík, á Strandarheiði og á Keflavíkurlugvelli.

Margvíslegar niðurstöður eru settar fram í skýrslunni og fram kemur að veruleg frávik eru á eiginleikum yfirborðs á ákveðnum stöðum Reykjanesbrautar. Meðal annars er kaflur rétt vestan Straumsvíkur, sem sker sig úr fyrir að mælast mjög kaldur. Hann er einnig fremur þurr, sem kann að skýra hvers vegna ekki mælist þar mikið frávik frá meðaltali í viðnámi við veg. Þá eru nefndir kaflar á mislægum gatnamótum, annars vegar við Vatnsleysustrandarveg og hins vegar Grindavíkurveg, en þeir eru m.a. yfir meðallagi blautir, en þó er í því sambandi bent á að gagnasafnið gæti innihaldið óvissar upplýsingar við mislæg gatnamót.

Fram kemur að athuganir í þessu verkefni bendi til að breytileiki ýmissa eiginleika vegarins sé allnokkur og þurfi að kanna það betur. Gögnin sem þegar hefur verið safnað gefa þó ágætis vísbendingar um þá staði sem helst má búast við að hálfka myndist á Reykjanesbraut, en bent er á að gagnasöfnun

þyrfti að vera jafnari og markvissari en söfnun þeirra gagna sem hér var stuðst við, þ.e. gögnunum var safnað við akstur sem tengdist vetrarþjónustu. Betra væri að safna þeim í almennum akstri óháð færð og jafnt og þétt yfir það tímabil sem er til skoðunar.

Verkefninu verður haldið áfram.

Vegminjar – Suðvestur- og Vesturland

Arna Björk Stefánsdóttir, mars 2017

Markmið verkefnisins um skráningu vegminja er að veita Vegagerðinni yfirsýn yfir þær minjar sem tengjast starfsemi og meta verndargildi þeirra. Í fyrri áföngum hefur verið tekin saman skrá yfir alla sögulega muni í eigu Vegagerðarinnar og hafist handa við að skrá mannvirki á Suðaustur- og Austurlandi. Gert er ráð fyrir að hægt verði að nota niðurstöður verkefnisins til að móta framtíðarstefnu varðandi minjavernd hjá stofnuninni.

Í þessari áfangaskýrslu verkefnisins er sagt frá tuttugu og átta minjastöðum á Suðvestur- og Vesturlandi. Minjarnar eru af fjórum gerðum: þjóðleiðir, minjavegir, minjabrýr og vitar. Valdar vegminjar eiga að vera einkennandi fyrir sögu vegagerðar frá upphafi og gefa góða mynd af sögu hennar. Í skýrslunni kemur fram að ein forsenda þess að hægt sé að vernda mannvirki sé að þau séu í einhverri notkun. Til dæmis má nýta gamlar brýr og vegi sem reið- og gönguleiðir. Erfitt getur verið að varðveita gamla vegi ef þeir eru ekki lengur í notkun, þar sem vatn og vindar eyða þeim fljótt.

Í skýrslunni er hverjum og einum af þessum tuttugu og átta minjastöðum lýst, gefið sögulegt yfirlit og fjallað um verndargildi og staðsetning sýnd á korti. Auk þess eru ljósmyndir af hverjum og einum.



Brú yfir Botnsá í Hvalfirði er talin með minjastöðum í skýrslunni.

Fram kemur að þrjú af mannvirkjunum sem fjallað er um, eru friðlýst. Það eru vitarnir á Reykjanesi og við Garðskaga og brúin yfir Bláskeggssá í Hvalfirði. Nokkur mannvirkjanna hafa verið lagfærð eða endurbýggð, önnur eru metin þannig að ekki þurfi að fara í verndunaraðgerðir og svo er bent á að huga þurfi að verndun nokkurra þeirra. Bent er á að alltaf þurfi að meta hvort verndun mannvirkjanna sé forsvaranleg, nema ef aldur þeirra og saga gefi sérstakt tilefni til. Eins og áður er sagt getur verið erfitt að vernda mannvirki sem ekki eru í einhverri notkun.

Gert er ráð fyrir að verkefnið haldi áfram og næst verði skráðar vegminjar á Snæfellsnesi, Vestfjörðum og Norðvesturlandi.

Umhverfisvitund starfsmanna stofnana og fyrirtækja, mæling og þróun

Maria Stefánsdóttir, Ólöf Kristjánsdóttir og Sandra Rán Ásgrímsdóttir, Mannvit, mars 2017

Markmið verkefnisins í heild er að gera tillögu að aðferðarfræði til að meta umhverfisvitund starfsmanna fyrirtækja og stofnana og jafnframt að meta hvaða aðferðir eru áhrifaríkastar til að efla umhverfisvitund starfsmanna sem vinna að mannvirkjagerð. Þessi áfangaskýrsla fjallar um niðurstöður könnunar á umhverfisvitund og var lögð fyrir starfsmenn Vegagerðarinnar í lok árs 2016. Gert er ráð fyrir að leggja aðra könnun fyrir, ári seinna til að meta breytingar og árangur af hugsanlegum aðgerðum til vitundarvakningar, sem gerðar eru tillögur um í þessari skýrslu.

Meðal þess sem kemur fram í niðurstöðum könnunarinnar sem lögð var fyrir Vegagerðarfólk, var að þeir sem svöruðu hafa mestar áhyggjur af mengun umhverfis vegna hættulegra efna eða iðnaðar og hnattrenni hlýnun. Þeir hafa hins vegar minnstar áhyggjur af drykkjarvatni og rafsegulmengun. Stór hluti svarenda (80%) telur þörf á þengri ramma og reglum fyrir iðnað, til að draga úr mengun. Yfir 90% svarenda flokkar drykkjarumbúðir, rafhlöður og dagblöð á sínu heimili, en aðeins 30% flokkar lífrænan úrgang. Fleiri niðurstöður koma fram í skýrslunni.

Farið er yfir aðgerðir innan Vegagerðarinnar undanfarin ár, allt frá því að umhverfisstefna var sett árið 1997 til ákvörðunar um þátttöku í „Grænum skrefum í ríkisrekstri“ sem tekin var 2015. Þá eru gerðar tillögur að aðgerðum til að auka umhverfisvitund. Reynslan sýnir að fræðsla, samtöl og vitundarvakning er það sem skiptir mestu máli. Meðal tillagna má nefna ýmis konar fræðslu með formlegum og óformlegum hætti bæði á innra neti/fréttabréfi og á fundum. Þá er nefnt að innleiða þurfi fleiri græn skref. Flytja má ábyrgð á svið og starfsstöðvar, þannig að starfsmenn séu ábyrgir fyrir umhverfismálum á sínu sviði og fleiri tillögur má sjá í skýrslunni.

Eins og áður segir mun önnur könnun verða lögð fyrir í lok árs 2017 og eftir það kemur út lokaskýrsla um verkefnið. ■



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 10. apríl 2017. Bíúð er að sprengja samtals 7.070 m sem er 98,1% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.206 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.vadlaheidi.is

Niðurstöður útboða

Efnisvinnsla á Vestursvæði 2017 17-026

Tilboð opnuð 4. apríl 2017. Efnisvinnsla á Vestursvæði á árinu 2017.

Helstu magnþölur:
Malarslitlag 29.000 m³
Verki skal að fullu lokið 30. ágúst 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
- Áætlaður verktakakostnaður	90.670.772	100,0	18.071
1 Tak Malbik ehf., Borgarnesi	72.600.000	80,1	0

Yfirlagnir á Austursvæði 2017, klæðing 17-001

Tilboð opnuð 4. apríl 2017. Yfirlagnir með klæðingu á Austursvæði 2017.

Helstu magnþölur eru:
Yfirlagnir með einföldu lagi klæðingar 384.347 m²
Yfirlögn með kilingu 24.755 m²
Flutningur steinefna 5.847 m³
Flutningur bindiefna 663 tonn
Verki skal lokið fyrir 1. september 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Borgarverk ehf., Borgarnesi	103.089.000	132,9	1.225
1 Munck Íslandi ehf., Kópavogi	101.864.197	131,3	0
- Áætlaður verktakakostnaður	77.570.000	100,0	-24.294

Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2017, malbik 17-005

Tilboð opnuð 11. apríl 2017. Yfirlagnir með malbiki á Suðursvæði og Vestursvæði 2017.

Helstu magnþölur:
Útlögn malbiks 151.535 m²
Hjólafarafylling 38.735 m²
Fræsing 73.545 m²
Verki skal að fullu lokið 1. september 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík	789.800.000	129,2	204.898
3 Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	661.164.856	108,2	76.263
- Áætlaður verktakakostnaður	611.110.000	100,0	26.208
2 Munck Íslandi ehf., Kópavogi	596.064.620	97,5	11.163
1 Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas hf., Reykjavík	584.901.560	95,7	0

Efnisvinnsla

á Suðursvæði 2017 17-025

Tilboð opnuð 28. mars 2017. Efnisvinnsla á Suðursvæði á árinu 2017.

Helstu magnþölur:
Klæðingarefni 11/16 mm 4.500 m³
Klæðingarefni 8/11 mm 11.500 m³
Klæðingarefni 4/8 mm 3.000 m³
Þvottur á klæðingarefni 19.000 m³
Bergskerlingar 7.000 m³
Malarslitlag 13.100 m³
Efra burðarlag 0/22 mm 8.000 m³

Verki skal að fullu lokið 1. september 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Fossvélar ehf., Selfossi	206.720.000	142,1	0
- Áætlaður verktakakostnaður	145.470.000	100,0	-61.250

Fjarðabyggð – Mjóeyrarhöfn, fylling undir stálpil 7-028

Tilboð opnuð 4. apríl 2017. Hafnarsjóður Fjarðabyggðar óskaði eftir tilboðum í verkið „Mjóeyri Harbour, land reclamation“. Um er að ræða fyllingu frá sjó við Mjóeyri á Reyðarfirði. Heildarmagn er áætlað um 156.000 m³ og skal fyllt í þremur áföngum.

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. ágúst 2018.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
- Áætlaður verktakakostnaður	146.850.000	100,0	41.864
2 Björgun ehf., Reykjavík	111.398.600	75,9	6.413
1 Jan De Nul n.v., Belgía	104.985.810*	71,5	0

*Tilboð Van De Nul er í evrum. Hér er það reiknað í íslenskum krónum á genginu 120,3.

Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2017, repave – fræs og malbikun 17-027

Tilboð opnuð 11. apríl 2017. Endurnýjun malbikaðra slitlaga með Repave aðferð eða sem fræsun og yfirlögn á Suðursvæði og Vestursvæði 2017.

Helstu magnþölur:
Repave – fræs og yfirlögn 73.080 m²
Verki skal að fullu lokið 1. september 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas hf., Hafnarfirði	219.033.600	104,7	17.779
- Áætlaður verktakakostnaður	209.260.000	100,0	8.005
1 Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	201.254.860	96,2	0

Efnisrannsóknir og efniskröfur - leiðbeiningar við hönnun, framleiðslu og framkvæmd

Námskeið föstudaginn 28. apríl í Borgartúni 7, Reykjavík

Endurskoðuð útgáfa af ritinu „Efnisrannsóknir og efniskröfur - leiðbeiningar við hönnun, framleiðslu og framkvæmd“ er komin á vefslóðina:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/efnisrannsóknir/>

Leiðbeiningaritið er endurskoðað árlega og gerðar breytingar í samræmi við nýjustu niðurstöður rannsókna sem að hluta til eru kostaðar af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Sérstaklega má nefna að nú hafa verið sett inn ný ákvæði um slípiþol (PSV) og endurskin steinefna í malbik. Einnig hafa verið sett inn ný íslensk heiti á Evrópastöðlum fyrir framleiðslu malbiks sem Staðlaráð Íslands hefur tekið upp að tillögu Vegorðanefndar (vefslóð orðasafnsins er: <https://vegordasafn.vegagerdin.is/>).


Staðlarnir eru níu talsins en sérstök athygli er vakin á að algeng malbiksgerð hér á landi sem áður nefndist Slitlagsmalbik (SL) (e: Asphalt Concrete (AC)) nefnist nú Stífmalbik (AC). Nú er unnið að kafla 7 um steinsteypu og verður hann gefinn út á árinu 2017.

Þann 28. apríl 2017 kl. 9:30-17:00 mun verða haldið námskeið um efnisgæðaritið. Fjallað verður um efnisgæði fyllingar, styrktarlags, burðarlags, malarslitlags, klæðingar, malbiks og steinsteypu. Námskeiðið er ætlað þeim sem koma að hönnun, framleiðslu, framkvæmd og eftirliti í vegagerð. Markhópurinn eru starfsmenn Vegagerðarinnar, verkfræðistofa, sveitarfélaga, verktaka og framleiðenda sem vinna með bundin og óbundin vegagerðarefni.

Námskeiðið verður haldið í Mótorskálanum, fundarsal Vegagerðarinnar í Borgartúni 7.

Fyrirlesarar verða Gunnar Bjarnason forstöðumaður jarðefnedeildar Vegagerðarinnar og Pétur Pétursson hjá PP ráðgjöf. Þátttöku skal tilkynna fyrir 25. apríl með tölvupósti til: gunnar.bjarnason@vegagerdin.is

Þar sem fram kemur nafn, tölvupóstfang og vinnuveitandi. Námskeiðsgjald er 30.000 kr. Innifaldar eru kaffiveitingar, en ekki hádegisverður. Kennslugögn verða birt á heimasíðu Vegagerðarinnar eftir að námskeiðið hefur verið haldið. Sérstök vottun verður afhent þeim sem sækja námskeiðið. ■



Gunnar Bjarnason



Pétur Pétursson




Norðausturvegur, Brunahvammsháls-Bunguflói 22. júlí 2009. Efnisvinnsla 0-20 mm efni. Efni unnið úr kubba- og stuðlabergi. Ljósmynd: Hafdis Eygló Jónsdóttir

Framkvæmdir 2017

Helstu verk í vega- og brúagerð sem unnið er að á árinu.

Birt með fyrirvara um ófyrirséðar breytingar

Kort sem sýnir framkvæmdir við sjóvarnir og hafnargerð mun birtast síðar.



Djúpvogur (61) um Súðavíkurlíð Snjóflóðavarnir / færsla vegar Verklök 2018

Súgandafjarðarvegur (65) Laugar - Suðureyri Lagfæringar og styrking 4,5 km Verklök 2017

Strandavegur (643) Hálsgrata - Svanshóll Endurgerð og klæðing 7,4 km Verklök: 2017

Dýrafjarðargöng 5,3 km og vegtengingar 7,8 km Verklök 2020

Skagavegur (745) við Harrastaði, seinni hluti Endurbýgging 1,1 km Verklök: 2017

Dagverðareyrvogur (816) Hlaðir - Tréstaðir Endurbýgging og klæðing 1,5 km Verklök 2017

Jarðgöng og vegur að iðnaðarsvæði á Bakka við Húsavík

Hringvegur (1) um Akureyri Lagfæringar á fjórum gatnamótum Verklök 2019

Hringvegur (1) norðan Lauga Afrétting með sementsfestun 1,8 km Verklök 2017

Dettifossvegur (862) Hólmatungur - Súlnalækur Uppbygging nýs vegar 3 km Verklök 2018

Dettifossvegur (862) Dettifossvegur vestri - Hólmatungur Uppbygging nýs vegar að efra burðarlagi 7,7 km Verklök 2017 Efra burðarlag og klæðing Verklök 2018

Hringvegur (1) við Blöndubrú Breiðkanir við brúarenda Verklök: 2017

Hegranesvegur (764) Ás - Sauðárkróksbraut Styrking og klæðing 5,1 km Verklök 2017

Vaðlaheiðargöng 7,5 km Verklök 2017 Eigandi ganga: Vaðlaheiðargöng hf.

Hringvegur (1) í Reykjadal, áfangi 2 Daðastaðir - Reykjadalssá Endurbætur 3,8 km Verklök 2017

Seyðisfjarðarvegur (93) Endurbætur á vegsvæði Langahlíð - Gufufoss Verklök 2017

Vestfjarðavegur (60) Hvölsdalur Styrking, breiðkun og klæðing 6 km Verklök 2018

Hringvegur (1) um Vatnsskarð Afrétting með sementsfestun 3,2 km Verklök 2017

Hróarstunguvegur (925) um Urriðavatn Styrking og klæðing 1,3 km Verklök 2017

Norðfjarðargöng 7,9 km og vegtengingar 7,3 km Verklök 2017

Norðfjarðarvegur (95) um Reyðarfjörð Endurbætur á grjótvörn Verklök 2017

Helgustaðavegur (925) utan Mjóeyrar styrking og klæðing 1,1 km Verklök 2017

Snæfellsnesvegur (54) Hringvegur - Álftaneshreppsvegur Afrétting og klæðing 3 km Verklök 2017

Hvanneyrarvegur (511) Styrking og klæðing 2,0 km Verklök 2017

Uxahryggjavegur (52) Borgarfjarðarbraut - Gröf Endurgerð og klæðing 3,8 km Verklök 2018

Kaldadalsvegur (550) Hofmannsfjöt - Uxahryggjavegur Burðarlag og klæðing 15,7 km Lokið við framkvæmd frá 2016 Verklök 2017

Biskupstungnabraut (35) Geysir - Tungufljót Endurbýgging 1,6 km Verklök 2017

Hringvegur (1) um Hornafjarðarfliót Byrjun framkvæmda

Hringvegur (1) við Flatey Afrétting vegar 1,8 km Verklök 2017

Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn Endurbýgging 5,1 km Brú á Berufjarðará Verklök 2018

Hringvegur (1) um Þvottárskriður Breiðkun við vegrið Verklök 2017

Kjósarskarðsvegur (52) Vindás - Fremriháls Endurbýgging 7 km

Kjósarskarðsvegur (52) Fremriháls - Þingvallavegur Endurbýgging og klæðing 6,6 km Lokið við framkvæmd frá 2016 Verklök 2017

Þingvallavegur (36) Þjónumiðstöð - Klukkuhólar Endurbýgging 4 km

Biskupstungnabraut (35) Heiði - Múlanes Endurbýgging 3 km Verklök 2017

Hringvegur (1) vestan Hestgerðis Afrétting með fræsun 1,4 km Verklök 2017

Hringvegur (1) um Jökulsá á Breiðamerkursandi Rofvarnir í farvegi, endurbætur á aðkomu að brú Verklök 2017

Hakið (3834) Þingvallavegur - Þjónumiðstöð Endurbýgging 0,3 km Verklök 2017

Langholtsvegur (341) Flúðir - Heiðarbyggð Endurbýgging 5,3 km Verklök 2017

Hringvegur (1) um Morsá nýr vegur 3 km Verklök 2017

Reykjanesbraut (41) Mislæg gatnamót við Krýsuvíkurveg Verklök 2017

Reykjanesbraut (41) hringtorg (2 stk.) við Aðalbraut og Keflavíkurveg Verklök 2017

Krýsuvíkurvegur (42) hringtorg við Hellnahraun Verklök 2017

Reykjavogur (355) Biskupstungnabraut - Laugarvatnsvegur Endurbýgging og breytingar 8 km Verklök 2020

Skafartunguvegur (208) Ný brú á Eldvatn og 2 km vegagerð Verklök 2019


Reynishverfisvegur (215) Presthús - Reynisfjara Endurbýgging 2 km Verklök 2017

Legend:

- Framkvæmdir 2017
- Bundið slitlag í lok árs 2016
- Þjóðvegir með malarslitlagi



11.04.2017 - VAI



Tengistígur við Arnarbakka



Tengistígur norður

Göngu- og hjólastígur við Norðurfell

Áningastaður

Tengistígur suður

Norðurfell

Ný göngubrú yfir Breiðholtsbraut

Grenndargámar

Stígur að gámum

Engjasel

Göngustígur meðfram Suðurfelli

Seljabraut

Suðurfell

Breiðholtsbraut

Strætóstoppistöð

Skýringar
Loftmynd: Loftmyndir ehf.
Framkvæmd

Breiðholtsbraut við Norðurfell, göngubrú og stígar

Innkaupadeild Reykjavíkurborgar, f.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar, hefur auglýst útboð á gerð göngubrúar yfir Breiðholtsbraut norðan gatnamóta við Norðurfell ásamt tengingum við stígakerfi borgarinnar. Brúin er eftirspennit bitabrú í fjórum höfum, heildarlengd um 95 m að meðtöldum útkröguðum brúarendum, heildarbreidd 3,36 m. Gerð göngustígs meðfram Suðurfelli frá Yrsufelli að Norðurfelli auk tengistígar ofan Arnarbakka. Grenndarstöð við Seljabraut færð og endurnýjuð ásamt göngustíg að grenndarstöð. Gerð áningarstaðar við stígamót við Norðurfell. Götulýsing við stíga og frágangur/ræktun á framkvæmdasvæði.

Helstu magntölur eru:

Uppúrtekt	2.300 m ³
Fylling	2.000 m ³
Jarðstrengir	220 m
Ljósastólpar	11 stk.
Mulningur	1.700 m ²
Malbik	1.700 m ²
Hellulögn	300 m ²
Kantsteinar	230 m
Þökulögn	3300 m ²
Gróðursetning	45 stk.
Steypumót	580 m ²
Slakbending	27 tonn
Eftirspennit járnalögn	4 tonn
Uppspenna og grautun	3 stk.
Steypa	180 m ³
Vatnsvörn	160 m ²
Stálvirki, ryðfrítt stál	3,6 tonn
Handrið á brú	190 m
Innsteypt ljós í brú	21 stk.
Rafstrengur í brú	100 m

Skiladagur verksins er 1. nóvember 2017 fyrir utan frágang og ræktun sem skal lokið eigi síðar en 1.júní 2018.

Niðurstöður útboða

Dýrafjarðargöng, eftirlit 17-012

Tilboð opnuð 28. mars (lesið upp hverjir skiluðu inn tilboðum) og 4. apríl 2017 (lesin upp stigagjöf bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð hæfra bjóðenda). Verkið felst í eftirliti með gerð jarðganga sem verða um 5,3 km löng í bergi og er breidd þeirra 8,0 m í veghæð. Heildarlengd vegskála er um 300 m. Verkið nær ennfremur til lagningar um 8,0 km af nýjum vegum, ásamt tveimur brúm samtals 30 m. Eftirlitið nær einnig til fleiri útboða í verkinu svo sem til stýrikerfis, fjarskiptakerfis og hraðamyndavéla.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
- Áætlaður verktakakostnaður	460.200.000	100,0	117.206
2 Verkfræðistofan Hnit hf., Reykjavík (hæfnism. 78 stig)	430.928.500	93,6	87.935
1 GeoTek ehf. og Efla hf., Reykjavík (hæfnism. 82 stig)	342.994.000	74,5	0

Yfirlagnir á Suðursvæði 2017, klæðing 17-003

Tilboð opnuð 4. apríl 2017. Yfirlagnir með klæðingu á Suðursvæði 2017.

Helstu magntölur eru:

Yfirlagnir með einföldu lagi klæðingar 318.583 m²
Flutningur steinefna 4.142 m³

Verki skal lokið fyrir 1. september 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Borgarverk ehf. Borgarnesi	163.065.000	102,6	0
- Áætlaður verktakakostnaður	158.868.000	100,0	-4.197

Húsavík – Bökugarður þekja, lagnir og raforkuvirki 17-029

Tilboð opnuð 11. apríl 2017. Hafnarsjóður Norðurþings óskaði eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir eru:

Steypa rafbúnaðarhús, stöpla, brunna og polla
Leggja ídráttarrör fyrir rafmagn
Leggja vatnslögn og koma fyrir vatnsbrunnum
Jafna undir þekju
Steypa þekju um 4.000 m²
Raforkuvirki

Verkinu skal lokið eigi síðar en 30. september 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Munck Íslandi ehf., Kópavogi	143.139.491	120,2	48.944
- Áætlaður verktakakostnaður	119.125.470	100,0	24.930
1 Trésmiðjan Rein ehf., Húsavík	94.195.296	79,1	0

Yfirlagnir á Vestursvæði 2017, klæðing 17-004

Tilboð opnuð 4. apríl 2017. Yfirlagnir með klæðingu á Vestursvæði 2017.

Helstu magntölur eru:

Yfirlagnir með einföldu lagi klæðingar 567.882 m²
Yfirlögn með kilingu 60.000 m²
Flutningur steinefna 7.682 m³
Flutningur bindiefna 940 tonn

Verki skal lokið fyrir 1. september 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	125.337.000	111,4	0
- Áætlaður verktakakostnaður	112.482.000	100,0	-12.855

Yfirlagnir á Norðursvæði 2017, klæðing 17-002

Tilboð opnuð 4. apríl 2017. Yfirlagnir með klæðingu á Norðursvæði 2017.

Helstu magntölur eru:

Yfirlagnir með einföldu lagi klæðingar 654.311 m²
Yfirlögn með kilingu 84.639 m²
Flutningur steinefna 9.230 m³
Flutningur bindiefna 1.135 tonn

Verki skal lokið fyrir 1. september 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Munck Íslandi ehf., Kópavogi	187.457.499	138,9	38.790
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	148.667.000	110,2	0
- Áætlaður verktakakostnaður	134.942.000	100,0	-13.725

Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði 2017 17-007

Tilboð opnuð 11. apríl 2017. Yfirlagnir með klæðingu á Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði 2017.

Helstu magntölur eru:

Heflun axla 13,7 km
Hjólfarafylling með flotbiki 156.83 m²
Afrétting með flotbiki, axlir og sigkaflar 26.352 m²
Afrétting með kaldbiki, axlir og sigkaflar 25.111 m²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas hf., Hafnarfirði	226.241.195	101,4	4.453
--- Áætlaður verktakakostnaður	223.136.400	100,0	1.349
1 Arnardalur sf., Kópavogi	221.787.800	99,4	0



Patreksfjörður. Myndirnar eru teknar af Aðalstræti niður að Vatneyri. Eldri myndin er úr safni Geirs G. Zoëga, líklega tekin á fjórða áratug síðustu aldar. Yngri myndin var tekin 27. september 2016.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stóðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða á Útboðsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.
 Rault númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
17-032 Fræsing og festun á Vestursvæði og Norðursvæði	2017
17-008 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2017, malbik	2017
16-027 Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn	2017
16-079 Kísilvegur (87), Kollótaalda - Geitafellsá	2017
16-088 Langavatnsvegur (553), Hringvegur - Þjónustuhús lóju	2017
16-087 Uxahryggjavegur (52), Borgarfjarðarbraut - Gröf	2017
16-080 Arnarnesvegur (411), göngubrú	2017
16-022 Endurbætur á Þingvallavegi (36)	2017

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
16-092 Hringvegur (1) um Morsá	17.04.17	02.05.17
17-024 Krýsuvíkurvegur (42), hringtorg við Hellnahraun	10.04.17	02.05.17
17-033 Efnisvinnsla á Norðursvæði vesturhluti 2017	10.04.17	25.04.17
17-031 Hringvegur (1) um Jökulsá á Breiðamerkursandi, rofvörn farvegjar	03.04.17	19.04.17
17-030 Dalvíkurhöfn, grjót og fyrirstöðugarður við Norðurgarð	27.03.17	19.04.17

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
17-029 Húsavík - Bökugarður, þekja, lagnir og raforkuvirki	27.03.17	11.04.17
17-028 Fjarðabyggð, Mjóeyrarhöfn, fylling undir stálþil	17.03.17	04.04.17
17-006 Yfirlagnir á Suðursvæði 2017, malbik	27.03.17	11.04.17
17-005 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2017, malbik	27.03.17	11.04.17

Niðurstöður útboða

Efnisvinnsla á Austursvæði 2017 17-018			
Tilboð opnuð 11. apríl 2017. Efnisvinnsla á Austursvæði á árinu 2017.			
Helstu magntölur:			
Klæðingarefni 8/16 mm	11.300	m ³	
Klæðingarefni 11/16 mm	600	m ³	
Klæðingarefni 8/11 mm	600	m ³	
Klæðingarefni 4/8 mm	2.550	m ³	
Þvottur á steinefnum	14.550	m ³	
Malarslitlag	2.000	m ³	
Efra burðarlag 0/22 mm	18.500	m ³	
Verki skal að fullu lokið 1. september 2017.			
nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 Myllan ehf., Egilsstöðum	148.282.392	112,3	0
- Áætlaður verktakakostnaður	132.032.000	100,0	-16.250

Útboð á samningaborði, framh.	Auglýst:	Opnað:
17-027 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2017, repave-fræsun, yfirlögn	27.03.17	11.04.17
17-007 Hjólafarafyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði 2017	27.03.17	11.04.17
17-018 Efnisvinnsla á Austursvæði 2017	27.02.17	11.04.17
17-026 Efnisvinnsla á Vestursvæði 2017	20.03.17	04.04.17
17-012 Dýrafjarðargöng, eftirlit	06.02.17	28.03.17
17-003 Yfirlagnir á Suðursvæði 2017, klæðing	20.03.17	04.04.17
17-004 Yfirlagnir á Vestursvæði 2017, klæðing	20.03.17	04.04.17
17-002 Yfirlagnir á Norðursvæði 2017, klæðing	20.03.17	04.04.17
17-001 Yfirlagnir á Austursvæði 2017, klæðing	20.03.17	04.04.17
17-025 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2017	13.03.17	28.03.17
16-023 Langholtsvegur (341) Flúðir - Heiðarbyggð	20.02.17	14.03.17
16-081 Reykjanesbraut (41), vegamót við Krýsuvíkurveg, eftirlit	20.02.17	07.03.17
17-014 Landeyjahöfn, stálþil utan á ferjubryggju og skjólveggur	13.02.17	28.02.17
17-013 Siglufjörður - Bæjarbryggja, þekja	06.02.17	07.03.17
17-010 Ísafjörður, Mávagarður - viðlegustöpull	16.01.17	31.01.17
17-009 Viðhald malarvega Suðursvæði 2017 - 2018, vegheflun	13.02.17	28.02.17
16-040 Dýrafjarðargöng	09.05.16	24.01.17
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
16-081 Reykjanesbraut (41), sunnan Hafnarfjarðar, vegamót við Krýsuvíkurveg	21.02.17	21.03.17
<i>Loftorka Reykjavík ehf., kt. 571285-0459</i>		
<i>Suðurverk hf., kt. 520885-0219</i>		

Yfirlagnir á Suðursvæði 2017, malbik 17-006			
Tilboð opnuð 11. apríl 2017. Yfirlagnir með malbiki á Suðursvæði 2017.			
Helstu magntölur:			
Útlögn malbiks	102.640	m ²	
Hjólafarafylling	15.770	m ²	
Fræsing	56.000	m ²	
Verki skal að fullu lokið 1. september 2017.			
nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík	528.400.000	126,8	129.019
3 Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	447.370.392	107,4	47.989
- Áætlaður verktakakostnaður	416.600.000	100,0	17.219
2 Munck Íslandi ehf., Kópavogi	408.498.138	98,1	9.117
1 Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas hf. Reykjavík	399.381.135	95,9	0